



Krabbameinsfélagið
Vísindasjóður

Skýrsla stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands til stjórnar Krabbameinsfélags Íslands um starfsárið 2022

Inngangur: Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands var stofnaður 16. desember 2015 af Krabbameinsfélagi Íslands og aðildarfélögum þess auk þess sem inn í sjóðinn runnu Sjóður Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna og Míningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson. Heildarstofnfé sjóðsins var 254,6 milljónir króna.

Tilgangur: Samkvæmt stofnskrá er tilgangur sjóðsins að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum, m.a. með því að styrkja með fjárframlögum rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga.

Stjórn: Stjórn Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands skipa sjö einstaklingar, tilnefndir til þriggja ára í senn af stjórn Krabbameinsfélags Íslands, og tveir til vara.

Ragnheiður Haraldsdóttir tók við formennsku í stjórn sjóðsins um áramótin en auk hennar sátu í stjórn sjóðsins árið 2022 þau Ásgerður Sverrisdóttir, varaformaður, Ársæll Már Arnarsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Helgi Sigurðsson, Hrefna Sigfinnsdóttir og Þorsteinn Víglundsson. Varamenn í stjórn voru þau Birna Þórisdóttir og Vilhjálmur Bjarnason. Hrefna hætti í stjórninni snemma árs og tók Birna Þórisdóttir hennar sæti sem aðalmaður.

Fundir: Stjórnin hélt þrjá fundi á árinu 2022, 21. febrúar, 17. maí og 6. desember en að auki fundaði formaður stjórnar með formanni Vísindaráðs og framkvæmdastjóra Krabbameinsfélagsins, með stjórn Krabbameinsfélagsins og fulltrúum Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna á árinu.

Á febrúarfundinum var meðal annars kynnt erindi frá Styrktarfélagi Krabbameinssjúkra barna sem óskaði eftir að fá að nota eyðublöð sjóðsins fyrir styrki á vegum félagsins og samþykkt að funda með SKB til að fá frekari upplýsingar. Á fundinum var ákveðið að rýna hlutverk, verklag og stefnu fram á veginn á næsta fundi.

Á maífundinum fengu stjórnarmenn kynningu á starfsemi Krabbameinsfélagsins, rannsóknarstarfi félagsins og fjáröflun. Farið var yfir ársreikning sjóðsins og hann samþykktur. Farið var yfir faglegt mat Vísindaráðs og úthlutun ársins ákvörðuð. Ákveðið var, vegna fjárhagsstöðu, að styrkir næmu 60% af upphæð umsóknar. Rætt hvort endurskoða ætti útborgun styrkja, þannig að lægra hlutfall kæmi til greiðslu við úthlutun til dæmis.

Á desemberfundinum voru lögð drög að vinnu við endurskoðun stefnu sjóðsins og rætt um fjáröflunarleiðir, m.a. með tilliti til þess hvað þarf til geta verið styrktaraðili sjóðsins og markmið um framtíðarúthlutun. Stjórnin vill stefna á að geta úthlutað 100 milljónum á ári en til þess þarf markvissa fjáröflun. Stjórn sjóðsins er tilbúin til að taka þátt í fjáröflun.

Rætt var um færsluvísindi og klínískar rannsóknir og styrki til þeirra. Samstarf SKB og Vísindasjóðsins var áfram rætt.

Ákveðið var að boða annan fund í janúar, til að vinna áfram að endurskoðaðri stefnumótun, m.a. út frá umræðu fundarins. Fundurinn var síðasti fundur Guðrúnar Sigurjónsdóttur, sem hefur verið í stjórn sjóðsins frá upphafi. Henni voru færðar kærar þakkir fyrir góð störf.

Á fundi formanns stjórnar Vísindasjóðsins með stjórn Krabbameinsfélagsins voru helstu þættir í drögum að stefnumótun fyrir Vísindasjóðinn kynnt stjórn Krabbameinsfélagsins og nokkur álitamál sem varða báða aðila rædd.

Hrefna Stefánsdóttir var starfsmaður sjóðsins lungann úr árinu en Halla Þorvaldsdóttir tók við af henni, þegar Hrefna fór í fæðingarorlof.

Fjármál: Ársreikningur sjóðsins, dags. af endurskoðanda 17. maí 2022 var staðfestur og undirritaður af stjórn sjóðsins sama dag, 17. maí 2022. Starfsmenn Krabbameinsfélags Íslands annast fjárhagslega umsýslu sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu hans.

Styrkumsóknir: Samkvæmt stofnskrá sjóðsins skal stjórn sjóðsins auglýsa eftir umsóknum um styrki í byrjun febrúar ár hvert og annast styrkveitingar úr sjóðnum að fenginni umsögn Vísindaráðs Krabbameinsfélags Íslands. Hlutverk Vísindaráðsins er að leggja mat á gæði umsókna, færni rannsakenda o.fl. samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum sjóðsstjórnar. Í samræmi við þetta var þann 23. febrúar auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Alls bárust 28 umsóknir að upphæð 206,9 milljónir króna. Vísindaráð Krabbameinsfélagsins fór yfir umsóknirnar og ritaði umsögn um hverja umsókn. Stjórn Vísindasjóðsins fór í kjölfarið yfir allar umsóknir, umsagnir og tillögur Vísindaráðsins og tók ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum á fundi sínum 17. maí 2022.

Úthlutun styrkja: Samkvæmt stofnskrá sjóðsins hefur sjóðsstjórn árlega til ráðstöfunar tekjur sjóðsins á liðnu starfsári auk þess sem sjóðsstjórn er heimilt að verja allt að 10% af höfuðstól sjóðsins til styrkveitinga. Þeir fjármunir sem ekki eru nýttir til styrkveitinga eru lausir til ráðstöfunar næsta ár. Höfuðstóll laus til styrkveitinga í árslok 2021 var 121,4 milljónir króna.

Að fenginni umsögn Vísindaráðsins og í kjölfar mats á fyrirbyggjandi umsóknum var ákveðið að styrkja fjórar nýjar rannsóknir og veita níu rannsóknum framhaldsstyrki í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins. Þrjár rannsóknir hlutu styrki í þriðja og síðasta sinn. Niðurstaða stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins var að úthluta 68 milljónum króna til þessara þrettán rannsóknarverkefna. Um var að ræða fjölbreytt verkefni, sem falla vel að tilgangi sjóðsins. Að þessu var engin rannsókn styrkt að fullu eða veittur hámarksstyrkur.

Styrkirnar voru afhentir við hátíðlega athöfn í húsi Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð 8, Reykjavík, þann 2. júní.

Við úthlutunina flutti Valgerður Sigurðardóttir formaður Krabbameinsfélagsins stutt ávarp og þau Þórhildur Halldórsdóttir og Guðmundur H. Guðmundsson kynntu rannsóknir sínar. Ragnheiður Haraldsdóttir afhenti styrkþegum sjóðsins styrki og óskaði þeim velfarnaðar í sínum störfum.

Kynningarmál: Mannlegi þátturinn á Rúv fjallaði um Vísindasjóðinn og úthlutun úr honum þann 14. júní. Viðmælendur í þættinum voru Ragnheiður Haraldsdóttir sem kynnti sjóðinn almennt og Valtýr Stefánsson Thors sem ræddi um rannsókn sína. Vilhjálmur Bjarnason, stjórnarmaður, kynnti Vísindasjóðinn og hvatti til stuðnings við krabbameinsrannsóknir í innsendum pistlum í Morgunblaðinu.

Málþing: Vísindasjóðurinn átti aðild að árlegu málþingi í tilefni af alþjóðadegi krabbameinsrannsókna, sem haldið var í húsi Vigdísar þann 21. september, í samstarfi við Krabbameinsfélagið og SKÍ. Vísindamenn sem kynntu rannsóknir sínar á málþinginu höfðu nánast allir fengið styrki úr Vísindasjóðnum og ítrekuðu þar þakkir sínar fyrir dýrmætan stuðning. Formaður Vísindasjóðsins átti lokaorðin á málþinginu og varpaði þar upp ýmsum spurningum varðandi krabbameinsrannsóknir hér á landi og hlutverk og viðhald Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins.

Styrkhafar 2022 og verkefni þeirra:

Berglind Ósk Einarsdóttir

kr. 6.000.000

Hlutverk MITF í hindrun ónæmissvars sortuæxla

Rannsóknin mun auka skilning á því hvernig sortuæxlisfrumur komast undan árás ónæmisfrumna. Einnig eykur hún skilning á því hvernig sortuæxlisfrumur geta myndað ónæmi gegn ónæmismeðferð. Með auknum skilningi á þessum ferlum verður hægt að sérsníða meðferð betur að sjúklingum og einnig þróa sértæka meðferð gegn ónæmu krabbameinsfrumunum.

Erna Magnúsdóttir

kr. 4.793.400

BLIMP1 miðluð stjórnun á frumuhring í Waldenströmsæxlum

Rannsóknin er á Waldenströmssjúkdómi, sjaldgæfum, ólæknandi sjúkdómi sem er tegund af eitilfrumukrabbameini sem er algengast hjá fólki eldra en 65 ára. Rannsóknarhópurinn hefur uppgötvað að prótínið BLIMP1 sem er stjórnþáttur genatjáningar, vinnur með öðru prótíni sem kallast EZH2. Saman stuðla þau að því að æxlisfrumurnar komist hjá því að frumur ónæmiskerfisins þekki þær og útrými. Jafnframt uppgötvaði hópurinn að BLIMP1 er mikilvægur fyrir lifun fruma í Waldenströmssjúkdómi og vinnur nú við að rannsaka sameinda- og frumlíffræðilega ferla sem liggja þar að baki.

Guðmundur Hrafn Guðmundsson

kr. 6.000.000

Ónæmisstyrking gegn hitatengdri daufkyrningafæð án sýklalyfja

Í rannsókninni verður skoðað hvort sérútbúin APD (aroylated phenylene-diamines) efni hindri yfirfærslu sjúkdómsvaldandi, jafnvel banvænna E. coli stofna í músum á krabbameinslyfjum. Jákvæðar niðurstöður munu geta greitt fyrir þróun og framleiðslu lyfja sem hindra bakteríusýkingar í krabbameinssjúklingum án sýklalyfja.

Guðrún Valdimarsdóttir

kr. 5.400.000

Æxlingar úr brjóstakrabbameinssjúklingum meðhöndlaðir með æðapelssértækum sameindalyfjum - Samanburður á frumæxlum og meinvörpum í ólíkum undirgerðum brjóstakrabbameins.

Markmiðið með rannsókninni er að rannsaka hvernig og hvers vegna meinvarpsmyndun brjóstakrabbameins á sér stað. Hún rannsakar líka tvær mismunandi undirgerðir brjóstakrabbameins í viðleitni til að skilja hvers vegna sjúklingar með ólíkar undirgerðir svara lyfjameðferð á ólíkan hátt. Vonast er til að þekkingin sem skapast muni geta hjálpað til við

þróun á sértæku lyfjavalí fyrir hvern og einn brjóstakrabbameinssjúkling til að koma í veg fyrir meinvarpsmyndun.

Sigurður Yngvi Kristinsson

kr. 6.000.000

Klínískt notagildi frumflæðisjárrannsókna í forstigi mergæxlis og áhrif nærumhverfis mergæxlisfrumna á sjúkdómsframvindu

Rannsóknin mun hjálpa við að velja þá sjúklinga til meðferðar á forstigi mergæxlis sem eru í mestri hættu á að þróa með sér sjúkdóminn og bæta verulega gæði mats á stöðu sjúklings og hjálpa þannig við að stýra meðferð og eftirfylgni. Það mun vonandi geta bætt lífslíkur og lífsgæði þessara sjúklinga. Verkefnið mun einnig veita nýja innsýn inn í hlutverk ónæmisfrumna í nærumhverfi mergæxlisfrumna í sjúkdómsframvindu.

Georgios Kararigas

kr. 5.269.760

Áhrif nýju curcúmin afleiðunnar C66 á hjartavöðvakvilla af völdum doxórubicíns

Í rannsókninni er prófuð sú tilgáta að curcúmin afleiðan C66 verndi gegn hjartaskemmdum og hjartabilun vegna lyfsins doxórubicíns, sem notað er í meðferð gegn mörgum krabbameinum. Lyfið getur haft áhrif á hjartavöðva og valdið hjartaskemmdum. Mögulega mun þetta efnasamband eiga þátt í að draga úr skaðlegum áhrifum doxórubicíns.

Pétur Orri Heiðarsson

kr. 5.990.087

Hlutverk óreiðusvæða í starfsemi MITF umritunarpáttarins

Niðurstöður þessarar rannsóknar munu auka skilning okkar á undirstöðum MITF í þróun sortuæxla og auka þekkingu á hvernig eftirtjáningar-breytingar á umritunarpáttum hafa áhrif á hegðun þeirra og virkni. Þessar upplýsingar geta skipt sköpum við hönnun meðferða gegn sortuæxlum, t.d. með lyfjaþróun.

Rósa Björk Barkadóttir

kr. 3.294.778

Meinvaldandi áhrif BRCA1 c.4096+3A>G könnuð í frumulíkönum

Í rannsókninni er skoðuð breyting í BRCA1 geninu sem gæti haft áhrif á meðferðarmöguleika. CRISPR tækni verður nýtt til að búa til þessa stökkbreytingu í völdum frumulínum og skoða áhrif hennar á mikilvæga starfsferla frumna. Niðurstöður rannsóknarinnar geta mögulega haft áhrif á erfðaráðgjöf og þá einnig á frekari rannsóknir varðandi meðferðarmöguleika þeirra sem bera stökkbreytinguna.

Tómas Guðbjartsson

kr. 1.920.000

Nýjungar í skurðmeðferð lungnakrabbameins á Íslandi

Á síðastliðnum áratug er komin fram tækni þar sem hægt er að gera 85% aðgerða við lungnakrabbameini með aðstoð brjóstholssjár (VATS) og í gegnum 3 litla skurði, aðferð sem leysir sársaukafyllri brjóstholsskurð af hólmi. Markmiðið með rannsókninni er að bera saman árangur þessara brjóstholsaðgerða við þær sem gerðar voru með brjóstholsskurði með tilliti til árangurs, ekki síst alvarlega fylgikvilla og lifun.

Valtýr Stefánsson Thors

kr. 5.647.397

Ónæmissvar barna eftir krabbameinsmeðferð - hvernig og hvenær er rétt að bólusetja?

Meðferð við krabbameini veldur bælingu ónæmiskerfisins. Slík bæling getur varað í mánuði og jafnvel ár eftir að meðferð lýkur. Rannsóknin snýst um að meta hve hratt ónæmiskerfi barna styrkist í kjölfar meðferðar og hvenær er best að bólusetja börnin til að vernd gegn sýkingum verði sem mest.

Valur Emilsson

kr. 5.878.175

Vensl sermispróteina við þekkt og ný tilfelli krabbameina

Í rannsókninni verða könnuð vensl þúsunda próteina í sermi við algengar tegundir krabbameina. Rannsóknin er ein umfangsmesta rannsókn á tengslum próteina við ólíkar tegundir krabbameina sem greinast í sama þýði.

Þórhildur Halldórsdóttir

kr. 5.554.080

Seinkun aldursklukkunnar: Dregur ljósameðferð úr flýttri líffræðilegri öldrun hjá konum eftir brjóstakrabbameinsmeðferð?

Lokaorð: Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins hefur gert íslenskum vísindamönnum kleyft að stunda viðamiklar rannsóknir á krabbameinum nú um nokkurra ára skeið, og hefur gjörbreytt möguleikum þeirra til starfa. Þetta er aðeins unnt að gera vegna mikils vinnuframlags margra sjálfboðaliða og þátttöku almennings í fjáröflun. Mesta vinnan hvílir á Vísindaráði Krabbameinsfélagsins, sem metur af kostgæfni allar umsóknir sem berast. Vísindaráðið hefur undanfarin ár verið leitt af Eiríki Steingrímssyni, sem nú lætur af þeim störfum sínum. Honum eru færðar þakkir fyrir ómetanlegt framlag þau ár sem sjóðurinn hefur starfað. Krabbameinsfélag Íslands leggur fram fjármagn ár hvert til stuðnings Vísindasjóðnum, og sér að auki um margvísleg framkvæmdamál sem tengjast honum. Krabbameinsfélagið sýnir vilja sinn í verki til að þróa nýja þekkingu í því skyni að bæta heilsu og aðstæður þeirra sem greinast með krabbamein og aðstandenda þeirra. Þessar ákvarðanir félagsins ber að þakka. Stjórn Vísindasjóðsins þakkar fyrir tækifærið til að leggja ef mörkum til þessa verkefnis. Sérstaklega er ánægjulegt að það er almenningur á Íslandi sem með því að taka þátt í verkefnum Krabbameinsfélagsins gerir því kleyft að efla vísindin á þessu sviði svo sem raun ber vitni.

Reykjavík 5. júní 2023

Ragnheiður Haraldsdóttir formaður stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands